

Tvístígjandi karlar í kynferðinu – ágúst 2020

Konur láta það yfirleitt óátalið, að kvenfrelsarar skilgreini veröld þeirra; hvernig þær skuli hegða sér og hugsa og finna til. Þeim og okkur hinum er talin trú um, að verið sé að frelsa okkur undan fári þungu, „feðraveldinu.“ Konur hafa frá upphafi vega verið fórnarlömb þess, segja þeir, og því eru konur vammí firrtar og ábyrgð á öllu, sem misjafnt kann að vera í samskiptum kynjanna. Kvenfrelsarar fengu kynferði og kynlíf snemma á heilann. Þegar í annarri kvenfrelsunarbylgjunni skömmu eftir miðja síðustu öld.

Hátterni, sem bæði kyn áður töldu bæði sæmilegt og sjálfsagt, hefur fyrir atbeina kvenfrelsaranna nú verið endurskilgreint; ýmist sem hatustal, kynfólkska, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða nauðgun. Áróður kvenfrelsara í þessu efni er nú talinn hið nýja viðmið um samskipti kynjanna, sbr. „storminn í vatnsglasi“ Orkuveitu Reykjavíkur, þegar kvenfrelsunarstjórnámálemenn og kveinstafakonurnar í atvinnulífinu stigu á stokk og töluðu frómt um ormagryfju kynofbeldis karla gegn konum.

Sums staðar á Vesturlöndum hefur lögum verið breytt í þá veru, að engin eiginleg sönnunarfærsla er nauðsynleg fyrir rétti, þegar konur ásaka karla um kynferðislegan dónaskap eða afbrot. Kvenfrelsunarforsætisráðherra vor, Katrín Jakobsdóttir, berst fyrir innleiðingu slíkrar „réttarbótar“ á Íslandi með samherjum sínum í VG, ASÍ og Samfylkingunni. Aukin heldur hefur víða í skólum, fyrirtækjum og stofnunum verið á komið á fót svonefndum kengúrudómstólum (sýndardómstólum), sem „dæma“ í slíkum málum.

Fórnarlambsvæðing kvenna á kynlífsviðinu getur virst grátbrosleg í ljósi vísindalegra niðurstaða um kynferðisleg samskipti kynjanna. Rannsóknir í Bandaríkjunum Norður-Ameríku (BNA) benda til, að 94% karla hafi tekið þátt þvinguðum kynlífsathöfnum yfirleitt, en 98% kvenna. Um 63% karla meðal háskólanema hafa átt samræði nauðgír viljugir, en 46% kvenna. Tæp 40% háskólameyja sagðist segja nei við kynlífi, en eiginlega meina já. Þetta hét í minni sveit að tala þvert um geð sér. En ríkisstyrktur áróður vegur ævinlega þyngra, heldur en vísindalegar staðreyndir, þegar þær eru óhentugar.

Miðað við reglur hinnar norður-amerísku Jafnréttisstofu (Equal Employment Opportunity Commission), er hvísl í eyra vinkonu álitnið fullnægjandi sönnun ávirðinga um misjafnt kynferðislegt athæfi karla. Kvenkyns sálfræðingur í flota BNA, kennir, að spyrji karl konu, hvers vegna hún sækist eftir frama í flotanum, sé það dæmigerð kynferðisleg áreitni. Sömu leiðis er það kynferðisleg áreitni líti karl konu girndarauga, komi hún inn í áleitnið „sjónmál“ hans.

Það er í sjálfu sér kaldhæðnislegt, að meðan á þessum „kynferðisnornaveiðum“ stendur lesa einhleypar konur í BNA (kvenfrelsarar eru þar líklega í minnihluta, enda mikill minnihluti kvenna) eftirfarandi tælingarleiðbeiningar í uppáhaldsriti sínu, „Cosmopolitan“:

Þegar leiðin liggur fram hjá skrifborði hans, skaltu missa úr greipum þér blaðabunka eða veski. Beygðu þig niður til að hirða þetta upp. Hinn útvaldi mun koma til aðstoðar. Hallaðu þér að honum og leggðu hönd á öxl hans til að bæta jafnvægið og láttu sem þú sért að dusta ló af fötum hans. Taki fórnarlambið ekki við sér, skaltu horfa gáskalega í klof þess. Taki karl enn ekki við sér má gera aðra tilraun. Þú skal íklæðast undursamlegri, rauðri nærbrók og rauðum brjótahaldara. Þú lætur hvort

tveggja koma í ljós - si svona fyrir slysi. (Skyrtan á að vera flegin.) Sestu svo á stól og krossaðu fætur, svo að pilsíð renni upp lærin.

Dugi þetta ekki til árangurs má grípa til fleiri vopna. Séu fætur þínir fagurvaxnir, skaltu klæðast þröngu pilsí, stuttri skyrtu og velja verulega háhælaða skó. Snúðu bakinu í þann útvalda og beygðu þig fram til að taka eitthvað upp af gólfinu eða draga út skúffu. Dugi þetta ekki, eru góð ráð dýr. Reyndu þá að nudda þér upp við þann útvalda í lyftunni og sláðu honum óljósa gullhamra, svo litið beri á.

Falskar ákærur um allra handa kynferðislega áreitni eru algengar og alvarlegar. Þær eyðileggja venjulega starfsframa og líf þeirra karlmanna, sem fyrir þeim verða. Í umsvifamikilli rannsókn Charles P. McDowell á nauðgunum í flugher BNA og mannlífínu yfirleitt kom t.d. í ljós, að 60% nauðgunarákæra á hendur körlum voru falskar. Ástæður þessa voru; að sýna illgirni eða hefna sín (20%); að milda skömm eða sektarkennd (20%); að óttast um þungun (13%); að fara í launkofa með framhjáald (12%); að reyna á ást eiginmanns (9%); að fá útrás andlegrar óreiðu – geðtruflun (9%); að komast hjá ábyrgð (4%); að kúga út fé (4%); að vera óttaslegin um uppgötvun framhjáaldsins (3%). Aðrar ástæður (6%).

Ástandið gæti verið svipað á Íslandi.

Höfundur er ellilífeyrisþegi